1. október 2026

Umsögn Rauðu Regnhlífarinnar um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 varðandi vændiskaupaákvæðið.

Umsögn þessi fjallar eingöngu um 1. mgr. í breytingartillögu dómsmálaráðherra varðandi kaup á vændi milli fullorðinna aðila.

Rauða regnhlífin fagnar því að ráðherra vilji styrkja stöðu þolenda mansals í kynferðislegum tilgangi með nýrri aðgerðaáætlun gegn mansali og að hún deili okkar markmiði að útrýma ofbeldi gegn vændisseljendum. Við teljum þó að útfærslan sem ráðherra hyggist fylgja sé ekki til þess fallin að ná þeim markmiðum.

Við leggjum því til að:

- 1. mgr. í frumvarpsdrögum falli brott.
- ráðuneytið rannsaki áhrifaríkari leiðir til þess að ná sínu markmiði, t.d með aðgerðum sem styrkja stöðu vændisseljenda í neyð svo þau þurfi ekki að selja vændi.
- 7. mgr. í 206. gr. almennra hegningarlaga verði fjarlægð svo að vændisseljendur séu ekki glæpavæddir fyrir að auglýsa vændi.
- lögregla verði skylduð til að taka tilkynnt brot gegn vændisseljendum alvarlega og rannsaka þau til jafns við önnur brot.
- brottvísanir á innflytjendum sem selja vændi verði stöðvaðar tafarlaust.
- brottvísanir á þolendum mansals í kynferðislegum tilgangi verði stöðvaðar tafarlaust.
- verklag lögreglu sem gerir laun vændisseljenda upptæk verði afnumið.
- tillögum GRETA fyrir Ísland verði fylgt.

Sænsk tölfræði sýnir ekki fram á fælingarmátt

Samtökin gera athugasemd við það að í frumvarpsdrögum komi fram að sambærileg sænsk lög um þyngri refsingu fyrir kaup á vændi milli fullorðinna einstaklinga hafi tekið gildi 2025 en lögin tóku í raun gildi 1. ágúst 2022 (https://www.riksdagen.se/sv/dokument-och-lagar/dokument/betankande/skarpt-syn-pa-valdtakt-och-andra-sexuella_h901juu41/). Þau lög sem tóku gildi 1. júlí 2025 varða refsingu fyrir kaup á sérsniðnu stafrænu kynferðislegu efni, ekki vændi. Síðan að lagabreyting um herta refsingu fyrir vændiskaup tók gildi í Svíþjóð 1. ágúst 2022 hefur handtökum vegna kaupa á vændi ekki fækkað. Árið 2022 voru 1.263 manns handtekin fyrir kaup á vændi, 1.513 manns árið 2023, 1,805 árið 2024 og 1.100 fyrstu 6 mánuði ársins 2025 (https://polisen.se/siteassets/dokument/manniskohandel/manniskohandel-lagesrapport-26.pdf). **Þessar tölur benda sterklega til þess að aukin refsing hafi ekki haft tilætlaðan fælingarmátt í Svíþjóð** og leggja samtökin því til að ráðuneytið taki sér frekari tíma áður en lengra er farið, til þess að rannsaka áhrifaríkar og skaðaminnkandi leiðir til þess að ná tilætluðu markmiði. Samtökin leggja til að í stað þess að herða refsistefnuna verði leiðarljósið

að finna lausnir sem fyrirbyggja þörf fólks til þess að selja vændi sem neyðarúrræði með því að auka fjárhagslegt öryggi jaðarhópa sem búa við eða undir fátæktarmörkum.

Verndar ekki vændisseljendur

Í frumvarpsdrögum er vísað til þess að vændisseljendur kunni gjarnan að vera þolendur ofbeldis í neyðaraðstæðum og að lagabreyting sem þessi sé til þess fallin að vernda vændisseljendur frá frekara ofbeldi. Rannsóknir og tölfræði[1] frá löndum sem hafa farið þá leið að herða refsingu gegn vændiskaupendum sýna þvert á móti að hert refsing fyrir vændiskaup skilar sér í aukinni neyð, eymd og ofbeldi gegn vændisseljendum. Seljendur hafa minni samningarmátt, lenda í lögregluofbeldi og átökum í auknum mæli, upplifa meira ofbeldi frá vændiskaupendum og áreiti frá almenningi. Þá geta þau ekki framkvæmt öryggisskimanir því vændiskaupendur vilja ekki gefa upplýsingar um sig.

Aðgengi að réttarkerfinu

Vændisseljendur sem lenda í ofbeldi á Íslandi hafa ekki aðgang að réttarkerfinu til jafns við þolendur sem ekki selja vændi. Seljendur sæta refsingu fyrir það að auglýsa vændi samkvæmt 7. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1970. Þetta gerir seljendum nær ómögulegt að tilkynna brot gegn sér án þess að eiga á hættu að verða sjálfir ákærðir (https://kjarninn.heimildin.is/skyring/kalla-eftir-draumastad-fyrir-thau-sem-vilja-haetta-i-vaendi/). Þessi reynslusaga (sjá framangreindan hlekk) úr rannsókn Stígamóta og Háskóla Íslands stemmir við tilkynningar sem borist hafa Rauðu regnhlífinni.

Ofan á þetta er það núverandi verklag lögreglu að gera pening vændisseljenda upptækan við húsleit. Þar að auki er seljendum af erlendum uppruna markvisst brottvísað eða skipað að yfirgefa landið eftir handtöku fyrir brot á 7. mgr. (https://www.dv.is/frettir/2025/09/26/akaera-tvaer-kolumbiskar-konur-fyrir-ad-auglysa-vaendi-akureyri). Þetta eykur neyð og líkur á ofbeldisbrotum gegn vændisseljendum. Að auki setur það þau í þær aðstæður að þurfa að fjármagna brottförina með því að taka á móti hættulegri vændiskaupendum sem þau gætu neitað um sölu ef ekki væri fyrir þetta verklag. Það útsetur svo vændisseljendur fyrir gerendum mansals sem lofa að vernda seljendur fyrir lögreglunni.

Lögreglan hefur svo talað opinberlega um að vændisseljendur séu vaktaðir til þess að handtaka kaupendur vændis (erindi Huldu Elsu Björgvinsdóttur á ‘Hvernig mætum við brotaþolum vændis?’ Málþing um vændi á Íslandi, 1. september 2022) sem leiðir til þess að seljendur missa leiguíbúðir sínar. **Það mætti því segja að lagabreyting sem þessi muni útsetja seljendur fyrir ofbeldi og neyð frekar en að vernda þau frá því.**

Mansal

Í frumvarpsdrögum kemur fram að fyrirhuguð lagabreyting sé til þess gerð að draga úr mansali á Íslandi. Hertar refsingar fyrir kaup eru þó ekki meðal þeirra aðgerða sem GRETA (Group of Experts on Action against Trafficking in Human Beings) skorar á Ísland að framkvæma til þess að bregðast við mansali hér á landi.

Þar sem kaup og sala á vændi er afglæpavætt eins og í Belgíu, Nýja Sjálandi og Ástralíu gegna vændisseljendur lykilhlutverki í því að uppræta mansal með því t.d að tilkynna óeðlilegar aðstæður/framkomu á vinnustöðum sínum til vinnueftirlitsins, fræða hvort annað um ummerki mansals og tilkynna mansalsaðstæður í sínu nærumhverfi til lögreglu. Þetta er hægt þegar sala vændis er ekki þvinguð neðanjarðar. Lögreglan, vinnueftirlitið og

sérhæft verkalýðsfélag geta þar að auki haldið utan um tölfræði sem lögregla getur eingöngu giskað á eins og staðan er nú. Hér lýsir lögregla afleiðingum þess að hafa ekki traust vændisseljenda og þurfa því að giska á hvað er í gangi og hvernig vændi er háttað hér á landi:
https://www.ruv.is/frettir/innlent/2026-04-28-vaendi-a-islandi-teljum-ad-thetta-se-meirihlutinn-skipulogd-starfsemi-473853

Samtökin vilja svo ítreka að það liggja hvergi fyrir gögn sem sýna fram á að glæpavæðing kaupenda hafi dregið úr mansali einhvers staðar í heiminum. Til dæmis þrífst mansal í Svíþjóð. Hælisleitendur og innflytjendur sem bíða eftir niðurstöðu í sínum málum og þau sem synjað er um þjónustu og standa því utan kerfis/þjónustu eru sérstaklega berskjölduð fyrir mansali þar sem þau þurfa að lifa af einhvern veginn og þora síður að leita til lögreglu ef eitthvað gerist. Gerendur mansals nýta sér síðan ótta þolenda við refsingu frá lögreglu til þess að stjórna þeim. Sá ótti er á rökum reistur því eins og gerðist nýlega á Íslandi í samhæfðum aðgerðum Europol, þá leiða húsleitir sem framkvæmdar eru undir formerkjum björgunar fólks úr mansali oft til þess að þolendum þess sé brottvísað eða refsað á annan hátt.

Viðingarfyllst,



Ari Logn
Hán/þau
Formaður Rauðu regnhlífarinnar
raudaregnhlifin@gmail.com

[1]**Rannsóknir og skýrslur**

1. **Argento, Elena, et al.** (2020) ‘The impact of end-demand legislation on sex workers’ access to health and sex worker-led services: A community-based prospective cohort study in Canada. (Ísl: *Áhrif ‘end-demand’ löggjafarinnar á aðgengi kynlífsverkafólks að heilbrigðisþjónustu og jafningaúrræðum: Samfélagsrannsókn í Kanada*) PloS one 15.4 Aðgengileg hér: https://doi.org/10.1371/journal.pone.0225783
2. **Amnesty International** (2022): “We live within a violent system”: Structural violence against sex workers In Ireland (Ísl: *„Við lifum í ofbeldisfullu kerfi“: Kerfisbundið ofbeldi gegn kynlífsverkafólki á Írlandi*) Aðgengilegt hér: https://www.amnesty.org/en/documents/eur29/5156/2022/en/
3. **NSWP**: ‘The Real Impact of the Swedish Model on Sex Workers’ (Ísl: *Raunveruleg áhrif sænsku leiðarinnar á kynlífsverkafólk*) Aðgengilegt hér: https://www.nswp.org/sites/default/files/Swedish%20Model%20Advocacy%20Toolkit%20Community%20Guide%2C%20NSWP%20-%20November%202015.pdf
4. **Platt, Lucy, et al.** (2018) "Associations between sex work laws and sex workers’ health: A systematic review and meta-analysis of quantitative and qualitative studies." (Ísl: *„Tengsl milli laga um kynlífsvinnu og heilsu kynlífsverkafólks: Kerfisbundin úttekt og meta-greining á megindlegum og eigindlegum rannsóknum.”*)

PLoS medicine 15.12 Aðgengilegt hér: https://journals.plos.org/plosmedicine/article?id=10.1371/journal.pmed.1002680

5. **Global Alliance Against Trafficking in Women** (2014) “Criminalising clients endangers sex workers and creates barriers to exiting sex work: lessons learned from the anti-trafficking industry.“ (Ísl: *Að glæpavæða kaupendur setur kynlífsverkafólk í hættu og skapar hindranir fyrir þau sem vilja hætta í kynlífsvinnu: lærdómur frá baráttunni gegn mansali.*) Aðgengilegt hér: https://gaatw.org/advocacy/Bill_C-36-GAATW_brief.pdf
6. **Amnesty International** (2016) “The human cost of ‘crushing’ the market: Criminalization of sex work in Norway.” (Ísl: *Mannlegi kostnaðurinn við að „kveða markaðinn niður“: Glæpavæðing á kynlífsþjónustu í Noregi.*) Aðgengilegt hér: https://www.amnesty.org/en/documents/eur36/4034/2016/en/
7. **Dr. Emily Kenway, PhD** ‘Tackling trafficking under a decriminalisation model’ https://d3n8a8pro7vhmx.cloudfront.net/eswa/pages/110/attachments/original/1629299176/Briefing_Tackling_Trafficking_under_a_Decriminalisation_Model.pdf?1629299176
8. **Dr. Niina Vuolajärvi, PhD** (2022) “Criminalising of the sex buyers: Experiences from the Nordic Region.” (Ísl: *Að glæpavæða kaup á kynlífi: Reynsla frá Norðurlöndum*) Centre for Women, Peace and Security (London School of Economics) Aðgengilegt hér: https://www.lse.ac.uk/women-peace-security/assets/documents/2022/W922-0152-WPS-Policy-Paper-6-singles.pdf